

Föstudaginn 17. desember 1965.

Nr. 121/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Birnu Björnsdóttur

(Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og
Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og
Theodór B. Línadal.

Æskt umsagnar Læknaráðs.

Úrskurður Hæstaréttar.

Í máli þessu hefur verið lagt fram bréf saksóknara ríkisins, dags. 19. marz 1965, til próf. Jóns Steffensens og svarbréf prófessorsins, dags. 15. apríl 1965. Að tilhlutan saksóknara ríkisins var málið lagt fyrir Læknaráð þann veg, að heiðzt var svars við eftirfarandi spurningu: Fellst Læknaráð á svör Jóns Steffensens prófessors í bréfi hans, dagsettu 15. apríl 1965, eða telur það önnur svör réttari og þá hver? Í ályktun Læknaráðs, dags. 5. nóvember 1965, segir:

„Læknaráð fellst á svör prófessors Jóns Steffensens í bréfi hans, dags. 15. apríl 1965, að öðru leyti en því, að erfitt er að setja „örugg“ mörk um líffræðilegar mælingar.“

Í læknaráðsúrskurði nr. 6/1960 segir m. a. svo í ályktun Læknaráðs:

„Þá ber og að taka tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, sem mælast sem alkóhól, en eru það ekki. Enda þótt þeirra gæti almennt svo litið, að litlu máli skipti, þá sýnist sjálfsgagt að reikna með þeim, þar sem svo glögg er ástatt sem hér.

Í bók réttarlæknisfræðinganna H. Elbel og F. Schleyer (Der Blutalkohol, Stuttgart 1956) um þessi efni er á bls. 9 tekið fram, að „eðlileg“ reducerandi efni blóðsins nemi 0.03‰.“

Í greindu bréfi próf. Jóns Steffensens, dags. 15. apríl

1965, og ályktun Læknaráðs frá 5. nóvember 1965 kemur ekki skýrt fram, hvort auk hugsanlegrar mælingarskekkju sé tekið tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, þegar öryggismörkin 0.10% eru ákveðin til frádráttar því vinnandamagni, sem rannsókn leiðir í ljós. Þykir því rétt með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar Læknaráðs um þetta efni.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té umsögn um framangreint atriði.
